
25. Október 2024

B.t fræðslunefndar Dalabyggðar

Miðbraut 11

370 Búðardalur

Kæra fræðslunefnd Dalabyggðar, Sveitarstjóri og aðrir fundagestir

Þann 27. september sl. fengu foreldrar nemenda Auðarskóla tölvupóst frá skólastjóra Auðarskóla sem tilkynnti foreldrum og nemendum um ákvörðun að loka félagsmiðstöðinni Gildruni frá og með 3. Október sl. Í ljósi aðstæðna og nauðsynlegs endurmats. Ekki hefur foreldrum eða nemendum borist neinar fréttir um að félagsmiðstöðin Gildran verði opnuð á næstunni né höfum við séð að það sé verið að auglýsa eftir starfsmönnum í starf félagsmiðstöðvarinnar. Óskum eftir svörum um hvort að fræðslunefnd sé búin að huga að ráðningu starfsmanna og hvenær fræðslunefnd hefði séð fyrir sér að opna aftur félagsmiðstöðina.

Umræða hefur myndast í foreldra hópnum sem og hópi ungmenna, vegna þess að félagsmiðstöðvar fyrir ungt fólk eru ekki aðeins afþreying, heldur eru þær mikilvægt umhverfi fyrir félagslegan og persónulegan þroska. Þá má einnig nefna mikilvægi félagsmiðstöðva þegar kemur að forvarnargildi sérstaklega í ljósi umræðu um aukinna áhættuhegðunar og aukningu í ofbeldi meðal ungs fólks.

Samkvæmt æskulýðslögum nr. 70/2008 hefur ríkið sett sér markmið að stuðla að velferð og þroska ungmenna. Þar kemur fram að sveitarfélög skuli bjóða upp á aðstöðu og þjónustu sem stuðlar að heilbrigðum lífsstíl, félagslegri þátttöku og menningarlegum þroska. Með félagsmiðstöðvum er verið að veita ungu fólki tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum og viðburðum sem stuðla að jákvæðri félagslegri færni, sem eru einmitt markmið æskulýðslaga nr. 70/2008 eins og kemur fram hér að ofan.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að þátttaka ungs fólks í félagsmiðstöðvum hefur í för með sér jákvæð áhrif. Háskóli Ísland hefur bent á með rannsóknum sínum að ungt fólk sem tekur þátt í starfi félagsmiðstöðva hafi meiri sjálfsöryggi, félagsleg tengsl og meiri aðlögunarfærni í samfélaginu. Þá hafa rannsóknir einnig sýnt fram á að félagsmiðstöðvar hjálpi til við að minnka félagslega einangrun og aðstoðað nemendur við skólaforðun að komast aftur inn í skóla umhverfið, sem er sérstaklega mikilvægt á þessum viðkvæmu árum.

Félagsmiðstöðvar bjóða ungu fólki öruggt umhverfi þar sem þau geta leitað aðstoðar og ráðgjafar. Starfsfólk veitir stuðningsþjónustu, sem getur haft jákvæða áhrif á líðan ungs fólks. Ungt fólk sem hefur aðgengi að félagsmiðstöðvum eru líklegri til að þróa með sér jákvæða félagslega færni, sem er mikilvæg fyrir framtíð þeirra.

Þá viljum við leggja áherslu á að félagsmiðstöðvar er ekki aðeins þjónusta, þær eru tækifæri fyrir ungt fólk til að vaxa, læra og þroskast í öruggu og hvetjandi umhverfi. Það er því mikilvægt að Dalabyggð endurhugsi lokun félagsmiðstöðvarinnar Gildran og íhugi verulega að fjárfesta í þessu úrræði og tryggja að það sé aðgengilegt öllum ungmönnum.

Þakka ykkur kærlega fyrir lesturinn, vonum við að lokun félagsmiðstöðvarinnar Gildrunar verði endurskoðuð og Dalabyggð fari að fjárfesta í unga fólkinu okkar. Við viljum auðvitað skila af okkur sjálfsöruggara og flottu ungu fólki sem er sveitarfélagi okkar til fyrirmyndar.

Með bestu kveðju
Fyrir hönd foreldra Auðarskóla
Stjórn foreldrafélags Auðarskóla